



20. febrúar 2020

Upplýsingar varðandi aðalfund TM hf. 12. mars 2020 og tillögur stjórnar sem lagðar verða fyrir fundinn.

Aðalfundur TM hf. verður haldinn fimmtudaginn 12. mars nk. kl. 16:00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 771.892.669 hluti, en eitt atkvæði gildir fyrir hvern hlut.

Drög að dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnar nefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnar nefnd.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunararfélags.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Tillögur stjórnar:

Tillögur og ályktanir sem verða til afgreiðslu á aðalfundinum lagðar fram af stjórn félagsins miðað við fundarboð aðalfundar:

I. Vegna 2. dagskráliðar - Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

Tillaga:

Að fyrirliggjandi ársreikningur fyrir árið 2019 verði samþykktur.

II. Vegna 3. dagskráliðar - Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.

Tillaga:

Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur út arður á árinu 2020.

III. Vegna 4. dagskráliðar - Heimild til kaupa á eigin hlutum.

Tillaga:

Aðalfundur í TM hf. 12. mars 2020 heimilar stjórn félagsins, að fenginni samþykkt Fjármálaeftirlitsins, að kaupa hluti í féluginu þannig að það eigi allt að 10% af hlutafé þess í þeim tilgangi að lækka hlutafé félagsins. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til

bess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þáttöku í slíkum viðskiptum.

Til að ná þessu markmiði með framkvæmd endurkaupaáætlunar er stjórn félagsins veitt heimild til að kaupa hluti allt að hinu tilgreinda hlutfalli, en þó aldrei fleiri en 77.100.000 hluti, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 2.650.000.000 krónur. Hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut skal miða við síðustu óháðu viðskipti eða hæsta fyrilliggjandi óháða kauptilboðið, hvort sem reynist hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða láanastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvörðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félagini. Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2021, en þó aldrei lengur en til 31. mars 2021. Heimildir til stjórnar félagsins til kaupa á hlutum í félagini sem samþykktar voru á aðalfundi 14. mars 2019 og enn eru ónýttar falla hér með niður.

Greinargerð stjórnar: Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu um sama efni sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 14. mars 2019. Stjórn TM hf. hefur sett sér skýr markmið um áhættuvilja með vikmörkum sem auðveldar stýringu á heildaráhættu félagsins. Kaup á eigin bréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar er góð leið til að stýra fjármagnsskipan félagsins. Lagt er til að endurkaupin geti að hámarki numið þeirri heimild sem félagið hefur til að kaupa eigin bréf. Tillagan felur þó ekki í sér að kaup á eigin hlutum verði einungis bundin við kaup á grundvelli endurkaupaáætlunar; heldur geti aðrir kostir komið til álita innan marka heimildarinnar svo fremi þeir miði að því að lækka hlutafé félagsins. Endanleg fjárhæð endurkaupanna mun því ráðast af möguleikum félagsins til að finna hagkvæmustu fjármagnsskipan ásamt öðrum kostum í þeim efnum.

IV. Vegna 5. dagskráliðar - Starfskjarastefna félagsins fyrir árið 2020.

Eftirfarandi starfskjarastefna TM hf. er lögð fram til samþykktar á aðalfundi félagsins 12. mars 2020, en var samþykkt af stjórn félagsins 13. febrúar 2020.

1) Tilgangur

Starfskjarastefna TM hf. miðar að því að TM, ásamt dótturfelögum, sé samkeppnishæft félag og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengni félagsins. Í því skyni ber að hlúa vel að kjörum starfsmanna og stjórnenda félagsins þannig að félagið fái notið starfskrafta þeirra sem allra best. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins. Starfskjarastefnum dótturfélaga ber að fylgja þessari starfskjarastefnu móðurfélagsins. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnlaunasjónarmiðum. Stefnan er liður í að gæta langtímahagsmunu eigenda félagsins, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti. Í útfærslu á starfskjörum er farið eftir lögum og reglugerðum sem eiga við þá starfsemi sem TM og dótturfélög eru í. Þá er unnið eftir innri reglum sem gilda hjá TM sem miða að því að styðja við framkvæmd og útfærslu sem auka gegnsæi og gæði ákvárdana um starfskjör.

2) Starfskjör stjórnarmanna

Þóknun til stjórnarmanna og varamanna fyrir komandi starfsár, vegna stjórnarstarfa og starfa í undirnefndum stjórnar (starfskjaraneftnd og endurskoðunarneftnd) ef við á, skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og þóknunum til stjórnarmanna sambærilegra félaga. Stjórnarmenn skulu ekki fá greitt með afhendingu hlutabréfa, né heldur njóta kaup-, sölu- eða forkaupsréttar eða annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félagini eða þróun verðs á hlutabréfum í félagini.

3) Starfskjör tilnefningarneftndar

Þóknun til nefndarmanna tilnefningarneftndar fyrir komandi starfsár skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem nefndarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og þóknunum til nefndarmanna í sambærilegum félögum.

4) Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra skulu hvað grunnlaun varðar vera samkeppnishæf miðað við forstjóra sambærilegra félaga á íslenskum markaði og taka mið af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins til að tryggja samræmi og sanngjarna starfskjáristefnu innan þess. Þá skulu starfskjör taka mið af árangri forstjóra við rekstur félagsins og stöðu þess hverju sinni, en sá þáttur skal einkum koma fram í breytilegum launum skv. kaupaukakerfi félagsins. Starfskjör skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi, þar á meðal föst laun, árangurstengdar greiðslur (kaupauki), lifeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur, svo og, eftir atvikum, eftirlaunaráttindi og greiðslur við starfslok. Hluti af launakjörum forstjóra er tengdur frammistöðu og heildarárangri félagsins í samræmi við ramma sem lög og reglugerðir um starfsemi félagsins setja um breytileg starfskjör. Kaupauki samanstendur af hlutlægum sem og huglægum þáttum sem endurskoðaðir eru árlega og metnir í frammistöðusamtali. Starfskjáranefnd skal árlega gera tillögu til stjórnar um útfærslu á hinum árangurstengda hluta launakjara forstjóra.

5) Starfskjör annarra æðstu stjórnda

Starfskjör annarra æðstu stjórnda félagsins, sem nánar skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum, skulu einnig taka mið af sjónarmiðum 4. gr. eftir því sem við á.

6) Starfskjör starfsmanna

Starfskjör starfsmanna TM skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfsmannahópur tilheyrir. Við ákvarðanir um stöðuveitingar, launabreytingar og aðra umbun starfsmanna er tekið tillit til frammistöðumats.

7) Starfslokagreiðslur

Við starfslok skal að jafnaði ekki koma til frekari greiðslna en um var samið í ráðningarsamningi, þó aldrei hærri en greiðsla launa í tólf mánuði frá starfslokum og að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum.

8) Kaupaukakerfi

Hjá TM er í gildi kaupaukakerfi sem byggir á tengingu umbunar við afkomu, arðsemi og árangur félagsins í heild og árangur einstakra eininga þess en felur þó einungis í sér heimild, en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka. Samtala veitts kaupauka til starfsmanns má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka.

Kaupaukakerfi TM er sett fram með það að leiðarljósi

- að samræma markmið starfsmanna og hluthafa félagsins,
- að auka líkurnar á að félagið nái markmiðum sínum til lengri tíma lítið,
- að stuðla að því að umbunað sé fyrir frammistöðu sem tekur mið af hagsmunum helstu haghafa svo sem viðskiptavina, kröfuhafa og hluthafa,
- að stuðla að stöðugleika á þeim mörkuðum sem félagið starfar á og samræmist þar góðum venjum og viðskiptaháttum,
- að kerfið hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku.

Kaupaukakerfið nær til forstjóra og þeirra starfsmanna sem forstjóri félagsins tekur ákvörðun um á hverjum tíma og gerir samkomulag við, innan þeirra marka sem lög og innri reglur félagsins heimila. Kaupaukar þurfa ávallt að byggjast á mati á árangri eða frammistöðu sem er viðeigandi í hverju tilviki. Öflugt innra eftirlit er vegna kaupauka og koma áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla, endurskoðunarnefnd sem og starfskjáranefnd að eftirlitinu.

Nánar er mælt fyrir um kaupaukakerfið í sérstöku skjali sem telst vera undirskjal starfskjáristefnunnar.

9) Endurskoðun starfskjáristefnu, upplýsingagjöf og fleira

Starfskjáristefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar með eða án breytinga.

Á aðalfundi ber stjórn að gera grein fyrir kjörum æðstu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar. Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins. Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í féluginu, í samræmi við 79. gr. a laga um hlutafélag nr. 2/1995. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki í gerðarbók félagsstjórnar.

V. Vegna 6. dagskrárlíðar - Þóknun stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.

Tillaga:

Þóknun hvers stjórnarmanns verði 455.000 krónur á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 455.000 krónur í upphafi starfsárs og að auki 130.000 krónur fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal vera 97.000 krónur fyrir hvern fund sem nefndarmaður situr en þóknun formanns verði tvöföld þóknun nefndarmanns. Þóknun hvers nefndarmanns fyrir störf í tilnefningarnefnd félagsins skal vera 21.000 krónur fyrir hverja unna klukkustund.

VI. Vegna 9. dagskrárlíðar – Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafélags.

Tillaga:

Að PricewaterhouseCoopers ehf. verði endurskoðunarfélag TM starfsárið 2020.